

## **Fundur stjórnar, mánudaginn 21. mars 2022 á skrifstofu félagsins klukkan 16:45.**

Mætt voru; Daníel Örn Hinriksson, Anna María Ingvarsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Marianna Gunnarsdóttir. Guðbjörg Guðmundsdóttir mætti en þurfti frá að hverfa fyrir lok fundarins. Fundinn sat Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri. Fundargerð ritaði Daníel Örn.

### **Erindi afgreitt milli funda;**

#### **Boxer deild**

Svar barst til stjórnar þann 18. mars síðastliðinn við fyrra erindi deildarinnar en í svari kom fram vilji til breytinga á reglum um skráningu í ættbók fyrir hundakynið. Erindinu var svarað þann 19. mars og áframsent til vísindanefndar til afgreiðslu og umsagnar.

#### **Írsk setter deild.**

Erindi barst stjórn um breytingu á reglum um skráningu í ættbók hjá ræktunardeild írsk setter deildar þann 17. mars síðastliðinn. Erindinu var svarað þann 19. mars og áframsent til vísindanefndar til afgreiðslu og umsagnar.

### **Erindi frá félagsmanni.**

Erindi barst frá félagsmanni þann 9. mars síðastliðinn þar sem óskað er eftir afléttingu ræktunarbanns hunds vegna vegna PRA staðfestingar. DNA hefur verið tekið úr hundinum, vottorð og niðurstöður fylgja erindinu. Svarað og áframsent til vísindanefndar til afgreiðslu þann 19. mars.

### **Erindi frá félagsmanni.**

Svar barst stjórn þann 9. mars síðastliðinn við fyrra erindi félagsmanns varðandi reglur um skráningu í ættbók fyrir hundakynið Chow Chow. Fær stjórn ekki annað skilið en að efni svars félagsmanns sé ósk um breytingar á 10.kafli reglnanna, skilyrðum ræktunar einstakra hundakynja. Til að erindið verði áframsent til vísindanefndar skal erindið í það minnsta hafa verið kynnt af stjórn deildarinnar, eða tengilið, þeim sem fara með ræktun á hundakyninu og um það ríki sátt. Erindinu svarað þann 19. mars.

### **Aukin dómaraáttindi**

Stjórn hefur samþykkt með ánægju aukin dómaraáttindi Herdísar Hallmarsdóttur á hundakynið Samoyed. Prófið fór fram á síðustu sýningu félagsins og voru prófdómarar A.Rony Doedijns og Juha Putkonen. Beiðni um staðfestingu dómaraáttinda barst 10. mars síðastliðinn.

### **Erindi frá félagsmanni.**

Erindi barst stjórn þann 17. mars síðastliðinn sem fjallar um kaup á hreinræktuðum hundi. Í viðhengi tölvupóstsins er rakin saga málsins og samskipti kaupanda og ræktanda. Hvolpur er keyptur sem svo í ljós kemur að hann er ekki með eistu rétt staðsett í pung.

Guðnýju hafði borist erindið áður og hafði þegar hafist handa við að svara viðkomandi. Guðný mun svara fyrir hönd félagsins.

### **Umskráning hunda frá RKF og BCU.**

Erindi hafa borist skrifstofu félagsins og stjórn hvort bann verði lagt við umskráningu hunda í ættbók frá Rússlandi og Hvíta Rússlandi. Þá hafa hundaræktarfélagin á

Norðurlöndunum sem og önnur hundaræktarfélag tekið afstöðu. Stjórn Hundaræktarfélagsins Íslands hyggst ekki leggja bann við eða fresta umskráningum ættbóka frá þessum löndum á meðan á stríði stendur.

### **Fulltrúaráðsfundur 15. mars 2022.**

Anna María fór yfir kynninguna sem fram fór á fulltrúaráðsfundinum og einnig áhugverðar ábendingar fulltrúa þeirra 10 deilda sem mættu. Eitt af markmiðunum með því að halda fulltrúaráðsfundinn var að efla tengslanet milli félagsmanna í þeirri von að þeir sem hafa þekkingu og reynslu hvað varðar þau verkefni sem eru framundan myndu bjóða sig fram, en svo varð ekki. .

### **Svæðafélög**

Stjórn hefur unnið að breytingum á reglum um svæðafélög. Reglurnar voru síðast endurskoðaðar árið 1994. Breytingar eru orðalagsbreytingar og aðlögun að öðrum reglum félagsins, svo sem starfsreglum ræktunardeilda. Breytingarnar ættu ekki að hafa áhrif á starfsemi svæðafélags Norðurlands sem er eina svæðafélagið sem stendur.

### **Innflutningur á sæði**

Anna María hefur unnið að bréfi til ráðuneytis varðandi innflutning á fersku sæði. Anna María deildi bréfinu með stjórn sem mun taka það til skoðunar.

### **Önnur mál**

Umræða skapaðist á fundinum um mikilvægi DNA-staðfestingar við ættbókarskráningu. Eitt af megin markmiðum Hundaræktarfélags Íslands er, meðal annars, að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja, með ættbókarfærslu samkvæmt þeim reglum sem stjórn setur og þeim kröfum sem FCI gerir til aðildarfélaga sinna um ættbókarskráningar. Í reglum um skráningu í ættbók segir að vottorð hunds úr ættbók (ættbókarskírteini) er ekki gæðavottun heldur staðfestir fyrst og fremst ættir hunds og uppruna. Þá er ekkert sem staðfestir það betur en DNA-staðfesting. Með þessari umræðu er ekki verið að lýsa yfir vantrausti á ræktendur félagsins heldur þvert á móti að styrkja trúverðugleika ættbókarinnar og þar af leiðandi félagsins.

Í kjölfarið voru ræddar heilbrigðiskröfur til hundategunda innan félagsins. Þá var stjórn sammála að kröfur sem gerðar eru almennt til hunda séu ekki strangar. Sett eru skilyrði til ræktunar einstakra hundakynja, oftast nær krafa um mjaðma- og olnbogamyndatöku, að augnvottorð sé gilt og hnéskeljavottorð liggi fyrir, oftast en ekki óháð niðurstöðu. Í Evrópu er vakin athygli á stöðu hundaræktunar, sjúkdómum í einstökum hundakynjum og oft tengdum líkamsbyggingu þeirra. Ábendingar um slíkt eiga fullt erindi. Vandinn er líka sá að hundar verða til utan viðurkenndra hundaræktarféлага og verða engu að síður fulltrúar þeirra hundakynja sem um ræðir. Hundaræktarfélag verða að standa betur að vígi en þeir sem ekki tilheyra þeim og vera með heilbrigðiskröfur sem koma í veg fyrir “afbökun” hundakynja.

Fundi slitið klukkan 19:00